

TALES OF THE

Nature Spirits

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA - FYRIRLESARAR

BRYNDÍS FJÓLA PÉTURSDÓTTIR

Hagur okkar af því að skynja náttúruna

Hvernig getur almenningur viðhaldið þeirri þekkingu og þeirri tilfinningu að hlusta á náttúruna sér til gagns. Hvernig getum við mannfólkið eftl ímyndunaraflíð og hvernig getur viska hinnar huldu þjóðar hvatt okkur og sýnt okkur fram á aðferðir og lausnir til að takast á við brýn viðfangsefni eins og áhrif loftslagsbreytinga á okkar tímum.

Bryndís Fjóla Pétursdóttir er íslenskur garðyrkjufraeðingur og sjáandi, álfa hvíslari, hún er stofnandi og eigandi Huldustígs ehf. Bryndís Fjóla stýrir öllum verkefnum sínum frá Akureyri, með áherslu á fræðslu og almenna þekkingu um hinn óáþreifanlega menningararf sem tengist huldufólki, álfum, tröllum, hafmeyjum og drekum. Hún heldur erindi og leiðir samstarfs- og alþjóðleg verkefni og vinnustofur fyrir skóla, félagasamtök innan lands og utan.

AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR

Tröll, draugar og aðrar yfírnáttúrulegar verur sem skjóta reglulega upp kollinum í íslenskum samtímaskáldskap og -listum, með augljósum skírskotunum til þjóðsagnanna, halda áfram að beina athyglinni að óþægindunum sem felast í því að horfast í augu við hið ekki-mennska. Í þessum fyrirlestri tekur Auður

Aðalsteins, doktor í bókmenntafræði og forstöðumaður rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit, dæmi um slíka endurnýtingu íslenskra þjóðsagna og túlkar þau dæmi í ljósi kenninga um að sögur af samlífi með yfírnáttúrulegum verum endurspegli umhverfissvænna viðhorf en sögur þar sem áhersla er lögð á að sigrast á slíkum öflum.

GALADRIEL GONZÁLEZ ROMERO

Þegar jörðin bregst við list

Mikilvægi þess að vinna með anda landsins við gerð jarðnæmrrar listar. Jörðin bregst við -svarar. Staður sem er lifandi vistkerfi sem listamaðurinn tengist við, öfugt við kyrrstæðan, dauðhreinsaðan „stað“.

Hún mun taka dæmi um hvernig hún var í samstarfi við Huldufólkið í Lystigarðinum á Akureyri.

Galadriel González Romero er fjölfruma-lífvera sem er alin upp í Kenýa, myndlistarmaður, náttúruverndarsinni og vísindamaður sem rannsakar síðferðilegt samstarf við fleiri en mannlegar og vistkerfisfræðilegar nálganir á loftslagstíð okkar. Hún er með BA í myndlist frá Stellenbosch University og síðan MFA frá Listaháskóla Íslands.



NANCY MARIE BROWN

Í leit að huldufólkinu

Þetta er kynning á efni nýjustu bókar höfundarins Nancy Marie Brown, *Looking for the Hidden Folk*, sem út kom árið 2022.

Í fyrsta skipti sem Nancy Marie Brown kom til Íslands, árið 1986, fannst henni eins og hún hefði fundið hluta af sjálfri sér. En hún gat ekki útskýrt hvernig henni leið fyrr en sumarið 2016, á 21. ferð sinni til Íslands, þegar hún fór í göngutúr með Ragnhildi Jónsdóttur, sem er sjáandi og trúir á tilvist huldufólks.

Nancy Marie Brown er höfundur fjölda fræðibóka sem hafa jafnan hlotið góðar viðtökur, margar þeirra byggðar á íslenskum fornsögum, þar á meðal *The Far Traveler*, *Song of the Vikings*, *Ivory Vikings*, og *The Real Valkyrie*. Í tuttugu ár starfaði hún sem höfundur og ritstjóri vísindalegra greina á vegum Pennsylvania State University í Bandaríkjunum. Sem rithöfundur spyr hún ávallt: Hvað hefur okkur yfirsést? Sögum hverra megum við ekki gleyma?

INGA LÍSA MIDDLETON

Hin Hulda þjóð Íslands

Ljósmyndarinn og kvikmyndagerðakonan, Inga Lísá Middleton mun fjalla um hvernig áhrif íslenskrar þjóðtrúar og þá aðallega trúin á álfa, tröll og huldufólk hefur sýnt sig í íslensku samfélagi, menningu og listum frá upphafi. Inga Lísá stundaði nám við University for the Creative Arts og Royal College of Art í Bretlandi. B.A. ritgerð hennar, sem bar titilinn 'The hidden Nation of Iceland - A mythological study' fjallaði um sögur ömmu hennar af huldufólki. Ljósmyndaverk hennar hafa verið sýnd víða á síðustu árum, þar á meðal í London, París, Tókýó, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Hún hefur skrifað, leikstýrt og framleitt sjónvarpsþætti, og stuttmyndir sem hafa verið sýndar á alþjóðlegum vettvandi og unnið til fjölda verðlauna.

JINDŘICH PASTOREK

Í þessum fyrirlestri beinir Jindřich Pastorek, doktorsnemi við Palacký háskóla, nýju ljósi að skáldskaparlegum aðlögunum á norrænum þjóðsögum, með greiningu á *The Eaters of the Dead* eftir Michael Crichton (1976) og aðlögun skáldsögunnar á Bjólfskviðu. Kafað verður í merkingu þess að nota eyju og óbyggðir sem umgjörð fyrir frásögnina og sjónum sérstaklega beint að nærveru hins yfirnáttúrulega, sem og að andstæðum túlkunum á ógnunum sem búa í villtri náttúrunni. Skilningur sögupersóna á þessum ógnum er afar mismunandi þar sem sumar persónur túlka þær sem yfirnáttúrulegar á meðan aðrar reyna án árangurs að útskýra þær með stöðluðum aðferðum vísindanna. Framsetning þessara andstæðu frásagna verður túlkuð í ljósi eftirlendufraeði og sem skilaboð um takmarkanir þess að líta á vísindalegrar skynsemishyggju sem einu aðferðina til að skilja náttúruna.

DARIA TESTO

Samstarf við fleiri en menn

Frumbyggjaþekking nær lengra en bara á milli manna. Í þessum fyrirlestri segir hún frá ættbálki sínum. En við munum heyra frá nauðsyn þess að segja frá mannlegri frásögn, með listrænu ívafi.

Daria Testo er Buryat-mongólskur (Hori Buryad) frumbyggja, sýningarstjóri og sagna kona. Það skiptir hana miklu máli að tala máli jaðarsettra frumbyggja og dýpka mannlegt sjónarhorn í gegnum decolonial linsuna sína. Störf hennar er felast helst í að varðveita bæði áþreifanlegrar og óefnislegrar arfleifð, þar sem hefðbundin vistfræðileg þekking (TEK) frumbyggja þekking er leiðandi. Hún veltir fyrir sér munnlegri og skriflegri þekkingu forfeðra sinna, hugmyndum um gagnkvæmni, staðbundinni heimsfræði, svo sem þjóðfræði og goðsögnum, og gildi frændsemi.

SAGA NÁTTÚRUVÆTTANA

Alþjóðleg ráðstefna 2025

Alþjóðlega ráðstefnan Tales of the Nature Spirits/Saga náttúruvættana felur í sér alþjóðlega ráðstefnu 31.maí í Menningarhúsinu Hofi sem verður fylgt eftir með vinnustofu 1. júní í hátíðarsalnum Sólborg, Háskólanum á Akureyri. Ráðstefnan fer fram á ensku og markmið hennar er auðga skilning okkar, þvert á þjóðerni og tungumál, á þeim óáþreifanlega menningararfi er snýr að álfum, huldufólki og öðrum náttúruvættum og um leið að skapa aukin og ný tækifæri á sviði samstarfs, rannsókna, ferðaþjónustu, menningar og lista, auk útflutnings á þekkingu okkar og skynjun á landi og þjóð.

Ráðstefnu dagurinn 31. maí. Dagskrá hefst kl. 9:30 og lýkur kl. 15:00.

Fyrirlesararnir koma frá Íslandi, Bandaríkjunum, Englandi, Mongólíu, Kenýa og Tékklandi.

Allir fyrirlesarar hafa á einhvern hátt unnið með óáþreifanlegan menningararf og listamenn ráðstefnunnar eiga það sameiginlegt að vilja hafa áhrif á sérstöðu Íslands þegar kemur að söfnun og varðveislu heimilda um náttúruvætti þess og skynjun okkar á landinu sem hefur hefur gefið okkur innblástur í listsköpun í gegnum aldirnar og gerir enn.

Á vinnustofu 1. júní verða tekin fyrir fjölbreytt umræðuefni í hátíðarsal Háskólans á Akureyri þar sem fyrirlesara munu leiða umræður bæði á ensku og íslensku máli, og taka saman niðurstöður. Á vinnustofunum eru þáttkendur hvattir til áframhaldandi vinnu og samstarfs um varðveislu heimilda er snúa að álfum, huldufólki og öðrum náttúruvættum. Gerð verður skýrsla, byggð á niðurstöðum dagsins, sem verður birt í helstu fjölmiðlum innan og utanlands.

Ráðstefnan í ár er haldin í framhaldi af afar farsælli og vel heppnaðri ráðstefnu, Huldustígs ehf. sem haldin var um álfa og huldufólk í heimabyggð sem haldin var í Hofi á Akureyri 20. Apríl 2024. (<https://www.huldustigur.is/raacuteethstefna.html>).

En þessu sinni hefur Bryndís Fjóla Pétursdóttir, verkefnastjóri Huldustígs ehf, gengið til samstarfs við Huldu náttúruhugvísindasetur og mun setrið taka þátt í undirbúningi og skipulagningu viðburðarins og aðdraganda

Norðurland eystra er mjög ríkt af heimildum og sögum af huldufólki og álfum, sem gefur svæðinu ómetanleg sérstöðu og tækifæri til brautryðjendastarfs á sviði frásagna af landi og þjóð.

Vert er að taka fram að samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbær búa þar 1800 einstaklingar með 81 þjóðerni og í Þingeyjarsveit búa nú 30 þjóðerni önnur en Íslendingar og eru það 352 einstaklingar. Fjölpjóðlegt samfélag okkar í dag styður það að ráðstefnan er haldin á ensku, sem gefur þá flestum tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif en auk þess er verðmætt að íslenskur arfur sé skoðaður í alþjóðlegu samhengi.

